



Hjálparsveitin

DALBJÖRG

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg – 1. tbl. 2. árg. Desember 2002

Ferð í Landmannalaugar

– 6.-8. september 2002

Lagt var af stað frá Bangsabúð um kaffileytið á föstudegi. Með í ferðinni voru Ingi, Elmar, Halli, Rósa, Bubbi, Heiddi, Pétur, Rolf, Viddi, Jói og nýliðarnir Sunna og Katla.

Farið var upp Eyjafjarðardalinn í átt að Laugafelli. Frá Laugafelli var gamla Sprengisandsleiðin ekin og gert stutt stöpp hjá Hallgrímsvörðu og teknar nokkrar myndir. Þaðan var síðan haldið áfram sem leið lá í Landmannalaugar. Á leiðinni var stoppað tvisvar vegna örlíttlar bilunar í Fordinum... - undir stjórn Péturs. Í seinna skiptið var ca 30-40 mín. bið áður en við gátum haldið áfram en það var fyrirgefið.

Við komum í Landmannalaugar um klukkan 21:00 og þá var tekið til við að tjalda. Þegar því var lokið grilluðum við pylsur í kuldanum og fórum svo í laugina þar sem sungið var langt fram á kvöld. Um 10 leytið á laugardeginum vakti Pétur liðið og fékk nokkra með sér í laugina. Um 11 var síðan lagt af stað að Eldgjá og Ófærufossi en ætlunin var að ganga inn að fossinum. Það gekk ágætlega og allir skemmtu sér vel.

Þegar komið var aftur í bílana keyrðum við inn að Hóla-skjóli, fengum okkur að borða og skoðuðum okkur um. Eftir það lögðum við aftur af stað inn í Landmannalaugar þar sem þeir duglegu fóru í göngutúr inn Grænagil en aðrir hentu sér inn í tjald og lögðu sig. Þegar fólkið kom til baka var fljótlega tekið til við að elda. Það tókst mjög vel, undir stjórn yfirkokksins og allir borðuðu yfir sig af grillkjöti og kartöflusalati. Síðan tróðu allir sér inn í stóra



Kátur hópur í Landmannalaugum.

tjaldið og sunginn var fjöldasöngur. Seinna um kvöldið var svo farið í laugina og allir skemmtu sér vel.

Næsta morgun vöknuðu allir, að vísu mishressir og gengið var frá tjöldunum. Síðan var lagt af stað að skoða Landmannahelli eða eins og sumir vildu meina, „Landmannaholu.“ Þaðan ókum við í átt að Búrfelli og var stoppað í næstu sjoppu þar sem allir fengu sér að borða. Ákveðið var að fara aðra leið heim og ekið var framhjá nyrðri og syðri Hágöngum upp Vonarskarð og fyrir Tungnafellsjökul. Þaðan var svo aftur farið niður á Sprengisandsleiðina. Síðan ókum við beina leið heim og vorum komin heim í Bangsabúð um klukkan 19:00.

Sunna Axelsdóttir og Haraldur Óskarsson.



Brugðið á leik við Landmannalaugar.



Grillað í Landmannalaugum.

MUNIÐ FLUGELDANA OKKAR!



Fréttablað Dalbjargar

Á síðasta ári var blaðinu dreift á öll heimili í Eyjarfjarðar-sveit, en nú verður því einnig dreift um alla Svalbarðs-strönd. Hjálparsveitin Dalbjörg og Björgunarsveitin Týr eru að íhuga kosti þess að fara út í samstarf eða sameina sveitirnar. Það er alveg ljóst að sameining er vel inn í myndinni þar sem svæði sveitanna liggja saman. Ávinn-ingur sveitanna er að t.d félagar Týs gætu eftt sitt félags-starf og tekið þátt í fjölbreyttu starfi Dalbjargarmanna. Við aftur á móti lítum á stærra svæði og sjóbjörgun auk

öflugri hjálparsveit sem aðalkosti sameiningar. Hagræð-ing í bílaflota og kaup á góðum björgunarbát sem stað-settur yrði á Svalbarðseyri, gerir sameinaða hjálparsveit að sjálfstæðari og öflugari sveit. Við vonum að áframhald verði á þessu sameiningarferli og þeir sem hafa áhuga og eða skoðanir á þessu máli mega endilega skrifa okkur tölvupóst á dalbjorg@hotmail.com eða haft samband við undirritaðann.

Pétur R. Tryggvason

Hjálparsveitin Dalbjörg

Hjálparsveitin var stofnuð í mars 1983 og verður því 20 ára á næsta ári, hún var undir leiðsögn þáverandi Hjálpar-sveitar skáta á Akureyri fyrstu árin. Hjálparsveitin byggði sér húsnæði fram við Steinhólaskála í samráði við Stein-hólahjón og var það vígt á 5 ára afmæli sveitarinnar og hafði sveitin þá eignast talsverðan búnað. Veturinn 1988-'89 keypti hjálparsveitin sinn fyrsta bíl, Ford Econoline breyttan á 35" dekkjum. Árið 1994 keyptum við síðan gamlan snjóbíl Snow Trak '66 sem þjónaði okkur vel þar til hann var settur upp í nýjan snjóbíl, Leitner 250 árg. '87 sem kom til okkar á síðasta ári. Það var síðan 1997 sem stórt skref var tekið, keyptur var öflugur hjálpar-sveitar bíll, Toyota Land Cruiser breittur á 38" dekkjum með öllum þeim búnaði sem þarf að hafa í slíkum bíl.



Snjóbíllinn og Rolf.

Eignuðumst við okkar fyrsta sleða 1998 og hann síðan endurnýjaður haustið 2000 þegar keyptir voru tveir Yamaha Ventura 700. Félagar Dalbjargar eru um 50-60 manns þar af um helmingur mjög virkur.

Ingvar P. Ingólfsson



VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF

Umboðið Akureyri

NORÐLENSKA





Fjallaferð með Hjálparsveitinni

10. bekkur í Blönduvirkjun.

Á hverju ári býður Hjálparsveitin Dalbjörg, 10. bekk í Hrafnagilsskóla í fjallaferð. Þann 1. mars fórum við, árgangur '86, í svona ferð og ætlum að segja svolítið frá henni. Þeir sem voru svo skemmtilegir að fara með okkur heita: Pétur, Ingi, Þórður, Kristján, Ragnar, Eiður, Knútur, Heiðar og Eva.

Dagur 1.

Við vorum sótt klukkan 13:00 í skólann á sex bílum. Við skiptum okkur niður í bílana, komum draslinu fyrir og vorum ferðbúin klukkan 14:00. Þá var lagt af stað og ekið vestur í Varmahlíð. Þar stoppuðum við til að taka eldsneyti og keyrðum að Blönduvirkjun. Okkur var boðið þar inn og fengum við kókómjól og kex. Eftir veitingarnar skoðuðum við virkjunina sjálfa og var það mjög skemmtilegt og fræðandi.



Horft niður í Blönduvirkjun.

Síðan lögðum við af stað upp á fjöll og í allt „fjórið“. Flestir bílarnir byrjuðu á að festa sig og festa, sérstaklega Fordinn. Eftir smá bras komumst við þó heil á húfi á leiðarenda. Komum við okkur fyrir á lofti skálans á Hveravöllum, og fengum svo dýrindis kvöldverð, hamburgara og pylsur að hætti Evu. Þegar allir voru búnir að næra sig var farið í „laugina“ og allir skemmtu sér vel. Seinna um kvöldið tók Einar Björn fram gítarinn og Pétur fram söngtextana og stjórnuðu þeir



Allir í lauginni.



Strákarnir að syngja...

fjörinu. Sungum við þá langt fram á nótt. Reyndi Pétur þá að koma okkur í rúmið og gekk það ágætlega þrátt fyrir að helmingur okkar hafi vakað alla nóttina.

Dagur 2.

Við vorum vakin klukkan 8:30 sem við vorum ekki alveg sátta við. En það fóru allir á fætur, mishressir þó. Við fengum okkur að borða og tókum saman dótið okkar. Skálinn var þrífinn og svo fóru allir í bílana og keyrt var lengra inn á hálandið. Þá skall á okkur vont veður, svo við snérum við og lögðum af stað heim. Á leiðinni heim týndu allir öllum og allir festust og oft þurfti að fara út og ýta, en það var bara hluti af skemmtuninni.

Allir fundust þó aftur og við keyrðum beint í Varmahlíð, stoppuðum þar aðeins til að taka eldsneyti og teygja úr okkur eftir LANGA ferð. Veðrið var aðeins skárra það sem eftir lifði af heimferðinni en við komum þó ekki heim fyrr en klukkan 21:00, en ekki 19:00 eins og áætlað var í fyrstu. Annars gekk ferðin mjög vel og allir skemmtu sér rosalega vel. Við þökkum Hjálparsveitinni kærlega fyrir.

10. bekkur Hrafnagilsskóla.



Fjör í Ford.



Nýliðar

Hjálparveitir taka inn nýliða á hverju ári og þurfa þeir að ganga í gegnum ákveðið þjálfunarferli svo sem skyndi-hjálp 1 og 2, fjallamennska 1 og 2, læra á áttavita og GPS, sig og klifur, og fleira. Þegar unglingar eru orðnir 16 ára mega þeir byrja að taka þátt í starfi björgunarsveita og 18 ára geta þeir orðið fullgildir meðlimir og verið skráðir á útkallslista. Fundir eru haldnir fyrsta sunnudag hvers mánaðar og geta nýliðar gengið í sveitina hvenær á árinu sem er.

Á þessu ári bættust 6 nýir meðlimir í hjálparveitina það eru þau Heiðar, Katla, Sunna, Einar Björn, Grétar og Ketill. Þau eru strax byrjuð að sækja námskeið á okkar vegum og verða þau orðin fullgildir hjálparveitarmenn



Nýliðarnir Katla og Sunna.

eftir 2-3 ár. Viljum við bjóða þau velkomin í hópinn, og við hvetjum þá sem áhuga hafa á hjálparveitarstarfi að mæta á fund.

Pétur R. Tryggvason.



Merki Dalbjargar

Hjálparveitin Dalbjörg hlotnaðist sá heiður nýverið að merki sveitarinnar var valið í hóp 10 falletstu merkja hjálparveita á Íslandi. Þessi 10 merki munu prýða kennslubók fyrir grunnskóla sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg er að gefa út.

Samkeppni var haldin um merki fyrir Hjálparveitina 1985 og var það Kristjana, dóttir Kristjáns á Steinhólum, sem hannaði merkið.

Kerrusmiði

Á undanförunum misserum hafa nokkrir félagar Hjálparveitarinnar unnið í hjáverkum að smíði stórar kerru fyrir sveitina. Hún er hugsuð fyrst og fremst til flutninga á okkar ágæta snjóbil en nýtist einnig til flutninga á snjósleðum og bílum ef sækja þyrfti vélarvana bíl suður á hálendið.

Kerran er dálítið ríflæg að stærð eða 2,50 á breidd og á 7 metrar á lengd. Hún er búin tveimur hásingum á veltifjöðrum með rafbremsum og er burðargetan um 3,2 tonn. Höfum við notið góðs samstarfs við Vélar og Þjónustu sem útvegað hafa öll ljós og raflagnaefni á góðu verði. Sandblástur og Málmhúðun sem leggja til allt járn og zinkhúðun og síðast en ekki síst féлага okkar Karls Karlssonar á Jórunnarstöðum sem lagt hefur til húsnæði og rafmagn til smíðanna. Kerrugrindin er nýlega komin úr zinkhúðun og verður unnið að því á næstunni að setja ljós og rafmagn á bremsur svo skrá megi gripinn.

Ingvar Þ. Ingólfsson.



Óskum Norðlendingum
gleðilegra jóla,
ánægjulegra áramóta
og farsældar á komandi öld.

Þökkum frábær viðbrögð
við nýrri þjónustumiðstöð okkar.

Toyota á Akureyri, bílasala og verkstæði.

 **TOYOTA**
Akureyri



Hólmur: STÍLL

Baldursnes 1 · 603 Akureyri
Sími 460 4300 · Fax 460 4301
storholt@toyota.is · www.toyota.is

Leitin að Davide Paita

Fimmtudaginn 15. ágúst sl. óskaði lögreglan á Akureyri eftir aðstoð björgunarsveita til að grennslast fyrir um afdrif 33 ára ítalsks ferðamans, Davids Paita. Maðurinn hafði síðast séðst á Grenivík 8. ágúst. Leitin að Davide Paita hófst rétt fyrir hádegi þennan dag og varð ein sú lengsta sem farið hefur fram héraendis á seinustu árum. Hundruðir leitarmanna leit-uðu samtals í 5 dag auk þess sem rannsóknarvinna og skipulagning aðgerða stóð yfir nær sleitulaust í meira en 10 daga. Auk björgunarsveita af svæði 11 tóku þátt í leitinni björgunarsveitir af svæðum 1, 2, 4, 9, 10 og 12 ásamt leitarhundum víða af landinu.

Fimmtudagur 15. ágúst

Svæðisstjórnarfulltrúi Dalbjargar var boðaður í stjórnstöð á Akureyri um hádegisbil þennan dag. Þá þegar var hafin eftirgrennslan og farið í skála og skoðaðar gestabækur, en umfang svæðisins er stórt eða frá Grenivík um Látrarströnd og austur til Flateyjardals. Um klukkan 16 var óskað eftir að fá þrjá göngumenn og bílstjóra frá Dalbjörgu. Um kl. 17 var svo farið úr stjórnstöð á Akureyri áleiðis til Grenivíkur ásamt hópi frá Súlum á Akureyri. Var hópurinn ferjaður á bát út í Grímsnes og gengið þaðan út í Látur. Það var komið til baka til Grenivík um miðnætti var þá ljóst á þessum tímapunkti að frekari aðgerðir yrðu næsta dag. Var búið að stækka leitarsvæðið og fjölga leitarfólki mikið.

Föstudagur 16. ágúst

Snemma morguns var 11 manna hópur Dalbjargar kominn til Grenivíkur ásamt c.a. 60 öðrum björgunarsveitarmönnum en þar var deilt út verkefnum. Verkefni Dalbjargar var að keyra í Hvalvatnsfjörð en þangað var komið um klukkan 10. Labbað var yfir í Þorgeirsfjörð og komið við á Þönglabakka en þaðan var labbað fram Hóls og Bakkadal. Veður var ekki ákjósanlegt til leitar, norðan steyta og ausandi rigning, hiti um 5 gráður. Gengið var sleytulaust í 10 tíma og um 40 km leið. Um kvöldið voru menn þreyttir



Lagt af stað frá bílunum.

og fegnir að komast heim eftir að hafa verið gegnum blautir allan daginn. Eftir þennan dag hafði leitin engan árangur borið og ákveðið var að halda áfram næsta dag.

Laugardagur 17. ágúst

Um klukkan 7 að morgni vorum við mættir til Grenivíkur með 4 göngumenn, bíl og bílstjóra. Eftir að hafa fengið úthlutað leitar-svæði var ekið út Leirdals-

heiði, og göngumenn settir út. Leitin hófst á hálsinum norðan Sveigsfjalls, þaðan sem gengið var inn Trölladal, yfir Þröskuld og niður Grenjárdal og komið í bílinn skammt norðan Grenivíkur. Í stjórnstöð fengum við síðan úthlutað öðru verkefni, þannig að aftur var haldið á Leirdalsheiðina, u.þ.b. 10 km. leið og gengið með Gljúfuránni til baka, niður að gömlu sundlauginni. Þangað var komið um kl. 21, og höfðu myndast all margar blöðrur á fótum þennan dag.

Sunnudagur 18. ágúst

Snemma morguns var enn fjöldi björgunarmanna kominn til Grenivíkur, þar af 10 manna hópur frá Dalbjörgu. Því nú skyldi reyna til þrautar þar sem enn hafði ekkert fundist þrátt fyrir ýmsar vísbendingar, og enn er farið yfir sömu svæðin aftur. Dalbjargar hópurinn fór í Hvalvatnsfjörðinn og leitaði frá Þverá upp í fjallið Darra og til sjávar. Þennan dag léku veðurguðirnir við leitarmenn, en sól og blíða var þennan dag. Hópurinn gekk í c.a. 6 klukkustundir áður en haldið var heim.

Þrátt fyrir mikla leit og yfirferð um svæðið síðustu 3 daga hafði leitin engan árangur borið utan eina vísbendingu í gestabók á Látrum og eitt og eitt spor. Ákveðið var að hætta leit. Svæðisstjórn ákvað að leggja málið í hendur á sýslumanni og lögreglu til frekari ákvörðunartöku. Sýslumaður og lögregla ákváð að leitað yrði einn dag til viðbótar, laugardaginn 24. ágúst.

Laugardagur 24. ágúst

Enn var lagt upp frá Grenivík. Mannskapur var saman kominn af öllu landinu en alls 170 manns auk 6 björgunarbáta, 2 leitarhunda, þyrlu og ökutækja. 10 manna hópur okkar var tilbúinn í slaginn, en nú var ferðinni heitið á Látrarströnd og svæðið þar finleitað. En ekkert fannst nema dauðar skepnur. Veður var mjög gott og leitarskilyrði mjög góð.

Eftir leitina þennan dag var ákveðið að hætta allri leit að Davide Paita og enn hafa engar vísbendingar borist af ferðum hans eða hvar hann er niður kominn.

Alls tóku 22 félagar Dalbjargar þátt í þessari umfangsmiklu leit sem stóð yfir í 5 daga.

Elmar og Ingvar.



Elmar, Bubbi og Halli í nestispásu.



F · l · u · g · e · l · d · a · s · a · l · a



Flugeldasala Dalbjargar

Verður að þessu sinni í Hrafnagilsskóla og vonum við íbúar sveitarinnar kunnir vel að meta það. Við verðum í sal nýbyggingarinnar og þar sem flugeldasala er ein af stærstu fjáröflunarleiðum okkar vonum við að fólk verði duglegt að koma og versla við okkur.

Opnunartíminn verður eins og hér segir:

27.-28. desember frá kl. 18:00 - 22:00

29.-30. desember frá kl. 16:00 - 22:00

Gamlársdag og á þrettándanum frá kl. 12:00-16:00.

Fyrir þá sem vilja verðum við með posa á staðnum.

Haldið áfram að styrkja öfluga Hjálparsveit í heimabyggð!



Vífilfell

Furuvöllum 18 • Sími 462 1444



Jón Sprettur

Viðjulundi 2

Sími 4 6 1 1 8 7 7



			
Auður kr. 2.490,-	Grettir kr. 4.290,-	Ingólfur kr. 12.900,-	
			Luna kr. 1.490,-
Njáll kr. 6.900,-	Blomsterbukket kr. 1.790,-	Blossom kr. 1.490,-	
			
Twitter glitter kr. 200,-	Super Helios kr. 3.390,-	Sternblizz kr. 1.990,-	European night kr. 990,-

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

Mikið úrval af vörum



Dráttarvéladekk
SMURSTÖÐ



Gleðileg jól

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða



Draupnigötu 5

Sími: 462 3002 • Fax: 462 4581

Opð mánudaga-föstudaga frá kl. 8:00-18:00

laugardaga frá kl. 10:00-16:00



Tækjamót 22.-24. mars 2002

Það var kátur hópur manna sem var samankomin föstudagsmorguninn 22.mars hjá Gellunestinu á Akureyri. Nú skyldi haldið á tækjamót Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á Kili. Jeppafloinn taldi 21 mann á 9 bílum, auk þess sem 2 menn fóru á sleðum sveitarinnar upp úr Eyjafirði. Stefnt var til Skagafjarðar því að nú skyldi reyna nýja leið, upp Goðdalafjall.

Fyrstu kílómetrana keyrðum við nánast á auðum slóðanum en loksins var komið í snjó og hægt að fara hleypa úr. Ekki spillti veðrið fyrir og hugur í mönnum að nota daginn sem best, en náttstað áttum við vísan í Galtarárskála. Gekk ferðin vel suður fjallið. Í Skiptabakkaskála var ákveðið að renna inn í Ingólfsskála og þaðan norðan á Hofsjökul áður en haldið skildi í náttstað. Þegar nokkrir kílómetrar voru eftir í Ingólfsskála keyrði Guggi á stein og braut lokið framan á framdrifinu, beygði millibita og fleira. Hafist var handa við að rétta bitann og koma bílnum í öku-fært ástand. Þá var stefnan tekin beint á Galtará. Er þangað kom biðu þar sleðamenn með varahluti og Skagfirðingar, þeir deildu náttstað með okkur. Þar var svo gert við um kvöldið.

Á laugardagsmorguninn var slæmt skyggni og frekar leiðinlegt veður. Frá Galtará héldum við í Arnarbæli þar sem allar björgunarsveitir landsins áttu að hittast. Liðinu var skipt niður í snjóbíla, sleða og jeppa og hélt hver hópur í sína átt. Við í jeppaflokknum héldum áleiðis upp að Búrfjöllum og Hundavötnum og þaðan vestur á Stórasand. Gekk reyndar á ýmsu, enda enginn smá hópur á ferðinni. Er líða fór á daginn birti til þannig að gott útsýni var undir lok dagsins. Því næst var stefnan tekin til baka á Áfangafell á Kili þar sem borðaður var kvöldmat. Eftir mat og viðgerðarhlé var haldið frá Áfanga og stefnan sett á Laugafell. Gekk ferðin vel í Ingólfsskála, þar náðum við Súlumönnum sem einnig voru að fara í Fellið. Svo keyrði Guggi aftur á stein og lokið fór aftur og var hann dreginn í Fellið. Á þeirri leið keyrði Óli ofan í læk og braut hjörulið að framan þannig að hann var settur í spotta líka. Í Laugafell komumst við að lokum og fóru sumir í pottinn en aðrir að sofa.

Á sunnudagsmorguninum var sól og blíða, og var lagt af stað með tvo bíla bara á afturdrifinu, stefnan tekin á Landakot og þaðan niður Kerhól. Sunnan við Hraunárdal

keyrðum við fram á óþekkta vörðu. Þar stóð 80 Cruiser Súlumanna, bara á þremur hjólum. Þó ljótt sé að segja frá því þá var ekki laust við það að það ískraði í sumum okkar, við kæmum þó öllum okkar bílum heim. Er niður á öxlina kom var kaþoka í Eyjafirði og tafði það fyrir niðurferð. Milli 9 og 10 um kvöldið kom hópurinn þreyttur en ánægður í Bangsabúð eftir góða ferð.

Má að lokum geta þess að samtökin S.L ætluðu ekki að halda tækjamót þetta árið en við í Hjálparsveitinni Dalbjörgu ásamt Björgunarsveitinni Blöndu áttum veg og vanda að þessu móti. Þar sem við sáum alfarið um að skipuleggja mótið og sjá til þess að allt gengi vel fyrir sig. Það voru eitthvað um 150 manns og 70 tæki sem tóku þátt í mótinu, sem að okkar mati tókst þrýðilega.

Ingvar Þ. Ingólfsson



Bílafloiti Dalbjargar á leið á tækjamót.



Óþekkt varða við Hraunárdal.



Guggi bilaður.



Hluti af bílaflothanum á tækjamóti.

Sendum

okkar **bestu** nýárskveðjur, **þökkum** viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Húsasmíðjunnar Lónsbakka.



HÚSASMÍÐJAN

Sími 460 3500 • www.husa.is

Námskeið og smáverkefni 2002

Flutningur slasaðra 19. janúar

Ingimar Eydal frá Súlum var leiðbeinandi á því námskeiði sem var haldið í Bangsabúð. Þrettán manns frá Dalbjörgu tóku þátt og var þar farið yfir helstu atriði sem hafa þarf í huga við flutning slasaðra.

Leit á vélsleðum 9-10 febrúar

Pétur, Elmar og Tómas sóttu þetta tveggja daga námskeið sem slysavarnafélagið Landsbjörg hélt.

Fjallamennska 1 9. og 10. mars

Það komu 2 menn að sunnan, annar frá flugbjörgunarsveitinni og hinn frá skátunum og tóku tíu manns frá Dalbjörgu þátt í námskeiðinu. Námskeiðið tók tvo daga, fyrri deginum var eytt í Sölvadal við æfingar og seinni deginum var eytt við sigæfingar í Bangsabúð. Á námskeiðinu lærðu menn notkun á snjóflóðaýlum, ísaxarbremsu og einnig öryggisatriði varðandi sig.

Óvissuferð 30. apríl til 1. maí

Farið var með 10. bekk í Oddeyrarskóla í óvissuferð eftir samræmdu prófin í fjáröflunarskyni fyrir sveitina. Farið var upp á Öxnadalsheiði að leika sér á sleðum og slöngum, síðan var haldið yfir í Skagafjörð og gist á Bakkaflöt.

Skipt um endurvarpa 19. maí

Þrjú menn frá Dalbjörgu fóru og skiptu um endurvarpa á Kerlingu.

Slöngubátur 1 8. október

Var haldið á Dalvík af Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Tómas sótti þetta námskeið frá okkur. Var þetta þriggja



Eisi og Bubbi.



Óli og Rolf í Hraunárdal.

daga námskeið sem var mjög ítarlegt, verkleg og bókleg meðferð slöngubáta ásamt fleiru.

Eldsneytisferð 27. október

Farið var með eldsneytisbygðir fyrir væntanlegt vetrarstarf upp í Laugafell.

GPS námskeið 30. október

Var haldið af Súlumönnum í H12. Leiðbeinandi var Smári Sig. og fóru nýliðarnir Halli, Einar, Katla, Sunna, Ketill og Grétar frá Dalbjörgu á það til að læra grunnatriðin í GPS tækni, til dæmis að taka niður punkta af landakorti og setja þá inn á GPS tækið, búa til leiðir og læra að rata eftir GPS tæki

Flugeldasölunámskeið 20. nóvember

Pétur, Katla, Eisi og Tómas sóttu þetta námskeið.

Litlu jól 7. desember

Litlu jól Dalbjargar voru haldin á Melgerðismelum og var þar margt til gamans gert, til dæmis voru pantaðar pizzur og sungið og spilað á gítar fram á nótt.

Umferðargæsla á Glerártorgi

Í sumar sá Dalbjörg um umferðargæslu á Glerártorgi þegar Bylgjulestin var þar á ferðinni. Einnig munum við sjá um gæslu þar á mesta annatímanum fyrir jólin eins og í fyrra.

Fjölskyldudagur

Fjölskyldudagur Dalbjargar var haldinn á Flateyjardal og mættu um 40 manns. Þar var margt til gamans gert og meðal annars grillað og léku menn sér á sleðum, slöngum og fleiru.

Nýir tímar



STÍLL

Stíll, auglýsingastofa og skiltagerð, óskar Akureyringum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar, ánægjulegra áramóta og gæfu og gengis á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem nú er að ljúka.

Grafísk hönnun · Skiltagerð · Fatamerkingar · Bílamerkingar · Auglýsingar · Stórprent · Limmiðar Vefhönnun · o.m.fl.

Óseyri 2 · 603 Akureyri · Sími 462 5757 · Fax 462 5112 · www.still.is





Stebbi og sleðarnir.

Fjárleit

Farið var nokkrar ferðir í að sækja kindur sem ekki skiluðu sér í réttir um haustið.

Íþróttavöllurinn

Síðastliðið sumar tók sveitin að sér að ganga frá frjálssíþróttavellinum við Hrafnagil í fjáröflunarskyni. Var það



Á Kellingu.

mikið verk og komu margir að því, er því ekki að fullu lokið enn og verður það klárað í vor.

Fundir

Haldnir voru á árinu 10 almennir fundir, 5 stjórnarfundir og 5. maí var aðalfundurinn haldinn. Þann 16. maí og 29. október var haldinn fundur með erindreka frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu.

Útstunga og girðingavinna

Eins og oft áður voru útstunga, girðingarvinna og heylutningar upp í Laugafell fjáröflunarverkefni sveitarinnar þetta árið.

Smíði

Á þessu ári hafa félagar sveitarinnar lagt mikið af mörkum við smíði viðbyggingar við Bangsabúð og á stórri kerru undir snjóþlinn.



Halli, Pétur, Ketill, smiðir.



Rafhlöðusala

Eins og undanfarin ár fórum við á alla bæi sveitarinnar og skiptum um rafhlöður í reykskynjurum og einnig útveguðum við reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnarteppi. Íbúar sveitarinnar tóku okkur vel að vanda enda vill fólk greinilega hafa eldvarnir í lagi fyrir jólin. Alls fóru 64 reykskynjara, 16 slökkvitæki, 12 eldvarnarteppi 1 brunastiga og var skipt um 352 rafhlöður, Hjálparsveitin útvegar íbúum sveitarinnar þessar vörur á kostnaðarverði.

Ólafur A. Thorlacius

Afmæli Dalbjargar

Hjálparsveitin Dalbjörg verður 20 ára í mars. Í því tilefni höfum við ákveðið að hafa opinn dag þar sem öllum verður boðið að koma í heimsókn og kynna sér starf sveitarinnar. Það er gott tækifæri fyrir ykkur til að sjá hvað hjálparsveitin er að gera og hvaða félagsskap hún hefur upp á að bjóða, hvetjum við alla til að lýta í heimsókn til okkar. Einnig verður boðið upp á kaffi og léttar veitingar. Nánari dagsetning verður auglýst síðar.

Þakkir

Hjálparsveitin hefur staðið í breytingum á húsnæðinu og smíðum á stórru kerru undir snjóbilinn, viljum við þakka Vélsmiðju Steindórs, Íspan og Sandblæstri og málmhúðun fyrir veittan stuðning á árinu.

Hjálparsveitin Dalbjörg vill þakka Eyjarfjarðarsveit fyrir styrk til kaupa á 6 snjóflóðaýlum. Ýlarnir eru mjög dýr en afar nauðsynleg öryggistæki, til að mynda má enginn björgunarsveitamaður fara inn á snjóflóðahættusvæði án þess að hafa slíkt tæki, einnig þurfa allir sleðamenn sveitarinnar að hafa þá á sér. Við vonumst til að geta fjárfest í fjórum til viðbótar á komandi ári.

**BELTAGRÖFUR - JARÐÝTUR - TRAKTORSGRÖFUR
HJÓLASKÓFLUR
VÖRUBÍLAR - DRÁTTARBÍLAR - KRANABÍLAR**

G. Hjálmarsson

Draupnigötu 7 · 602 Akureyri
Símar: 462 7699, 462 5840, 894 1660, 854 1660,
852 3719, 852 3997, 853 7602

STRAUMRÁS

Furuvöllum 3 · 600 Akureyri

Sími.: 461 2288 · Netfang: straumras@nett.is

Hjálparsveitin DALBJÖRG

Neyðarnúmer:

112 • 463 1370



Á Flateyjardal.



Ketill töffari.



Bubbi.



Bubbi - Viddi - Bubbi.



Kokkurinn.



Súlumenn að kenna okkur...!



Gleðilegt nýtt ár

Nú þegar árið er að líða undir lok og menn fara að sjá hylla undir nýtt ár er komið að tíma flugeldanna. Hjálparsveitin Dalbjörg hefur haft flugeldasölu sem eina af aðal fjáröflunarleiðum sínum gegnum árin, með sölu á þeim í Bangsabúð v/Steinhóla og heimkeyrslu til sveitunga sinna. Við viljum þakka sveitungum okkar fyrir velvilja í okkar garð á undanförunum árum og vonum að þið haldið áfram að styðja við bakið á okkur.

Við vonum síðan að þið farið mjög varlega með flugeldana og brýnið fyrir börnunum að vera ekki að leika sér með þá. Það hafa orðið mörg mjög alvarleg slys á og kringum áramót. Með varkárni og aðgæslu má fækka þeim. Við vonum að þið eigið eftir að hafa gleðilega hátíð.

Hjálparsveitin Dalbjörg,
Pétur R. Tryggvason

Endurnýjun og breytingar á tækjakosti

Nú er búið að ákveða að fara að skoða fjármögnun á öðrum jeppa fyrir hjálparsveitina en jeppi sveitarinnar er að verða 6 ára. Ef tekjur af flugeldasölu og fjárhagsaðstoð verður góð verður ráðið í það eftir áramót að skoða hentugan jeppa til viðbótar við bílaflota sveitarinnar. Hann yrði að vera breyttur fyrir að minstakosti 38" dekk og útbúinn sem fullbúinn Hjálparsveitar jeppi með td. fjar-skriptabúnaði, GPS, spili og fleiru. Slíkur bíll mun kosta hátt á fjórðu milljón og þrátt fyrir að við höfum lagt mikið á okkur og unnið mikla sjálboðavinnu síðasta ár þarf hjálparsveitin talsverða aðstoð til að fjármagna slíkan jeppa.

Eitt af forgangs verkefnum er að eignast tölvu fyrir sveitina. Nú er það orðin krafa að hafa nettengda tölvu í stjórnstöð þannig að hægt sé að kalla allan mannskapinn út þaðan í gegnum „boða“ og einnig til að svæðisstjórn geti notað stjórnstöðina í útköllum á okkar svæði. Annar búnaður svo sem VHF bílstöð í Fordinn, fjóra snjó-



Dalbjörg 1 á tækamóti.

flóða ýla til viðbótar og endurnýjun/viðbót á skyndihjálparbúnaði er ofarlega á dagskrá hjá okkur.

Við vonum að þið haldi áfram að styðja vel við bakið á hjálparsveitinni ykkar.

Við þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning

VÉLAR &
ÞJÓNUSTA.HF



brimborg
akureyri

BSV

Bifreiðaverkstæði
Sigurðar Valdimarssonar
Óseyri 5 - Sími 461 2960 - Akureyri

BÚNAÐARBANKINN
Akureyri

Bústólpi
FÓRUR OG ABURUR
Ódeyryartanga - 600 Akureyri - Sími 460 3350

BYKO
BYGGIR MEÐ ÞÉR

Rúbn
Krafft

Trésmiðjan
Rútsstöðum

alprent

Égils

Olíufélagið hf

Esso

BYGGINGAVERKTAKI
SS BYGGIR

VÖRUBÆR EHF.
MÍRABYGGINGARSTJÓRN
Týggubraut 24 - 600 Akureyri

B&I
BLIKK OG TÆKNIPÓNUSTAN
...að líkluðum með höndum

frigg
Lýngási 1 - 210 Garðabær
Sími 512 3000 - Fax 512 3040

NORÐURMJÓLK

HarpaSjöfn
Gefur lífinu lit!

Höldur ehf.

KJARNAFÆÐI

Pedímyndir

ISKRAFT
KAFFI OG MÖRK

TRÉBORG ehf
Furuvöllum 1 - 600 Akureyri • Sími: 462 4000 • Fax: 462 7187

olis
Akureyri • Sími 460 3636
www.olis.is

Sluggaðurinn

66
NORDUR

Amaro
Heildverslun
Símar: 892 0308 & 852 0308

DÓTAKASSINN
Kaupangsstr. 4 - Sími 462 7755

M&M
Matur & Mörk
Frostagata 3 - Akureyri

Skiáfljónustan
Fjölinsgötu 4b - Sími 462 1713

BÍLAR ERU OKKAR FAG
BILAVERF 461 1130
BILAVERF

ÁSBYRGI-flóra
SÍMI 462 3280

